

## **Nokkur orð til Öxneyjarbóndans og annarra arnarvina. Eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal.**

Laugardaginn 28. marz skrifar herra Jónas Jóhannesson, bóndi í Öxney, í Tímunn athugasemd við útvarpserindi, er ég hélt um eyðingu arnarins á Íslandi.

Greinin er mestmegnis byggð á misheyrn höfundar. Hljóta hlustunarskilyrði að hafa verið slæm í Öxney þetta kvöld. Mér eru eignuð orð (og klökkvi?) af handahófi.

Útvarpserindið verður prentað bráðlega, mun þá sent greinarhöfundi, svo að hann geti næst gert athugasemdir sannleikanum samkvæmt. Ýmislegt er þó í grein Jónasar Jóhannessonar, sem styrkir ályktanir mínar í erindinu. Hann segir: - *Örninn verpir þráfaldlega í eyjum hér í nágrenninu, ekki kannske á hverju ári, en hefir aldrei fengið frið til að koma upp ungum, ef hreiðrið hefir fundizt áður en ungarnir voru fleygir* (Leturbr. mín). Með þessari játningu eru staðfest ummæli mín um eyðingu eggja og unga á þessu svæði.

Í erindi mínu sagðist ég ekki hafa sagnir af nema tveimur lambsránum arnarins, annað skiptið vafasamt hvort lambið hafi verið heilbrigt.

Í eyrum Öxneyjarbóndans hljómar þetta þannig: - Örnin tekur ekki lömb. Hvernig ætti ég að hafa sagt slík orð eftir að hafa staðfest tvö tilfelli af lambsráni?

Hvert barn veit að örninn lifir á fiski og fiski. Ég ætti þá einnig að hafa hugboð um það. Hins vegar sagði ég, að örninn liti ekki við öðrum föngum, ef hann á völ á fiski, því hér er um haförn að ræða. Hvergi minntist ég á skelfisk eða fjörumaðk.

Öxneyjarbóndinn segir: - Hér er enginn fiskur að vetrinum annar en skelfiskur í fjörunni. Það væri fróðlegt fyrir fiskifræðinga að athuga þetta fyrirbæri, svo hitt, hvað yrði af sjóbirtingi og laxi sem gengur úr ám og vötnum umhverfis Breiðafjörð, um miðsvetrarleytið.

Þá er sagan um barnsránið mjög sannfærandi fyrir sekt arnanna 17, sem drepnir voru síðustu árin vestra. (ég hefi heyrt þessa sögu og 2 til 3 aðrar frá því fyrr á öldum).

Röksemdafærsla greinarhöfundar minnir á gamla dæmisögu, um úlf og lamb. Úlfurinn át lambið af því að forfeður þess höfðu gruggað upp læk fyrir afa úlfins.

Börn liggja nú ekki lengur úti á víðavangi, þótt vel sé sóttur heyskapur. Mig furðar á að Öxneyjarbóndinn skyldi ekki (klökkur) segja söguna um köttinn, sem örninn bar á milli fjarða vestra!

Hins vegar virðast ernir hafa tekið drjúgan skerf af kaninum í Öxney og Hrappsey. Þetta er ný hlið á málinu, og eins hitt, að bóndinn sá eina kollu tekna af erni á bæjarvíkinni. Af þessum forsendum dregur hann þá ályktun að ernirnir umhverfis lifi aðallega á æðarfugli á veturna?

Samúðin með æðarfuglinum er nýtt fyrirbæri hjá Jónasi Jóhannssyni bónda í Öxney. Var það ekki sami maður sem eitt sinn skrifaði grein um að veiðibjalla væri fullt eins nytsöm og æðarfugl. Þess vegna ætti ekki að bannfæra hana? (Tíminn 54. og 57.tbl. 1941). Hvernig er það, verpir ekki heldur lítið af æðarfugli í Öxney, en meira af veiðibjöllu?

Hugmynd greinarhöfundar um 10.000 til 20.000 króna verðlaun fyrir útungun arnarhreiðurs, er mjög frumleg, og eins hitt, að hann sjálfur geti ekki vænst þess að örn verpi í Öxney, jafnvel þótt 1000.000 króna verðlaun verði veitt fyrir að koma út

einum arnarunga.

Þessi mál ættu ekki að verða hégómamál, þess vegna mæli ég nokkrum alvöruorðum til yðar, herra Jónas Jóhannesson og annarra arnarvina. Síðasta geirfuglsparið var skotið og eggjunum rænt, svo mun fara fyrir síðasta erninum á Íslandi innan fárra ára, ef eigi verður hugarfarsbreyting.

Það er ekki menningarþjóð samboðið að leggja eiturræ á víðavang, og eitru egg fyrir erni, veiðibjöllu og refi. Get ég frætt þá sem halda fram lambránum arnarins að eitruð egg geta verið hættuleg lambfê. Á bæ einum drapst nýlega ær og tvö lömb hennar af því að þau sleiktu úr stryknineitruðu eggi.

Varplöndum stafar mest hætta af varpeigendum sjálfum og svo eggjaþjófum. Víða eru varplönd rænd svo að óverjandi er, í stað þess að klekja út æðareggjum í vél, og fódra þá ungana hjá ungamæðrum, eru eggin etin með góðri lyst.

Minkurinn er meiri vággestur fuglalífi voru, og fiskstofni vatna, en öll meindýr landsins samanlögð.

Að lokum: Þyrmið þessum fáu örunum, sem enn eru á lífi á landi hér. Ég skora á blöð og tímarit að taka málstað arnarins. Vísindamenn og stjórnvöld mættu rumska áður en það er um seinan. Nú er hægt að telja þau arnarhreiður, sem eftir eru, á fingrum sér. Málið þolir enga bið, örninn er nú í meiri hættu en 1913, þegar Peter Nielsen á Eyrarbakka hóf friðunarstarf sitt ásamt Benedikt Sveinssyni Alþingisforseta og Sveini í Firði.

Sautján dauðir ernir liggja nú óbættir hjá garði og tíu hreiður hafa verið eyðilögð á smánarlegan hátt. Á fáum árum hafa nokkrir óhappamenn eyðilagt þann árangur, sem friðun arnarins hafði áorkað í 30 ár.

TÍMINN, sunnudaginn 12. júní 1949 (stafsetning lítilla lagfærð).

Þessi grein er birt til þess að sýna fram á náttúrverndaráhuga Guðmundar en hann skipti sér af fleiri málefnum en friðun arnarins. Tekið skal fram að birtingin er ekki gerð þeim manni til hnjóðs sem Guðmundur deilir á.